

## **Samkomulag um afnot af íþróttahúsum/sundlaugum Hafnarfjarðarbæjar**

**Fræðslu- og frístundasvið, skólastjórar fyrir hönd grunnskóla í Hafnarfirði auk FH, Bjarkanna og Hauka gera með sér eftirfarandi samkomulag um afnot grunnskóla af íþróttahúsum/sundlaugum Hafnarfjarðarbæjar:**

### 1.gr

Íþróttá- og tómsfundafulltrúi fyrir hönd Fræðslu- og frístundáþjónusta leggur fram í síðasta lagi 1. apríl ár hvert tímatöflu í íþróttamannvirkjum til íþróttakennslu skólanna í réttum hlutföllum miða við fjölda bekkjardeilda hvers skóla komandi skólaárs. Skólastjórum er heimilt að miðla tímum á milli sín sé þess þörf.

### 2.gr

Íþróttá- og tómsfundafulltrúi ábyrgist kennslusvæði til kennslu ásamt öðru fylgirými í samræmi við stundarskrá og stærð hópa. Ennfremur það og- klefavörslu í samræmi við kyn og aldur nemenda og fyrirbyggjandi reglum.

### 3.gr

Hver skólastjóri skal leggja fram stundarskrá fyrir komandi skólaár vegna íþróttá- og sundkennslu áður en kennsla hefst að hausti þannig að forstöðumaður íþróttamannvirkis geti komið við frekari skipulagningu á þjónustubáttum og gert athugasemdir.

Í þeim íþróttahúsum/sundstöðum þar sem svo háttar til að fleiri en einn skóli sækir íþróttakennslu skulu skólastjórar samræma gerð stundarskrá þannig að kennsla gangi árekstrarlaust fyrir sig.

### 4. gr.

Í íþróttamannvirkjum skal halda skrá yfir aðsókn. Skrá þarf niður nýtingu á tímum og fjölda notenda og gesta. Við upphaf hvers árs skal skila til íþróttá- og tómsfundafulltrúa yfirlit yfir fjölda og nýtingu á tímum síðasta árs.

### 5.gr

Íþróttahús/sundstaður leggur til kennslugögn samkvæmt áhaldalista hvers íþróttamannvirkis fyrir sig. Óski skóli/kennari eftir endurnýjun eða viðbótar kennslugögnum/ áhöldum skulu óskir þar að lútandi berast forstöðumanni íþróttahúss þegar kennslu lýkur að vori fyrir komandi skólaár og senda samhljóma óskir til íþróttá- og tómsfundafulltrúa í upphafi skólaárs að hausti. Slíkar óskir berist skriflega til forstöðumanns og íþróttá- og tómsfundafulltrúa.

### 6.gr

Kennarar eiga hafa aðgang að læsanlegum hirslum fyrir gögn sem þeim tilheyra svo og aðstöðu til fataskipta og geymslu vinnufatnaðar. Aðgang að síma og tölvu til samskipta vegna starfs síns. Nettenging

þarf að vera til staðar, bæði veggtinging og þráðlaus. Þar sem sérstök kennaraherbergi eru til staðar er það í valdi forstöðumanns hvort þjálfarar á vegum íþróttafélaga hafa aðgang að því rými. Forstöðumaður setur reglur um umgengni. Hafnarfjarðarbær getur ekki tryggt kennurum sambærilega aðstöðu á öllum sundstöðum vegna mismunandi aðstæðna á hverjum sundstað. Forstöðumaður skal tryggja að starfsmenn skóla sem starfa í íþróttamannvirkjum upplifi veru sína þar ekki sem gestir heldur sem starfsmenn. Starfsmenn skóla skulu hafa jafnan aðgang að almennri starfsmannaaðstöðu eins og starfsmenn viðkomandi íþróttamannvirkis.

#### 7.gr

Hafnarfjarðarbær hagar öryggismálum íþróttahúsa í samræmi við Reglur um öryggi í íþróttahúsum, ásamt viðaukum og skýringum sem settar voru af Menntamálaráðuneytinu 2002. Að því er varðar aðkomu kennara að öryggisþáttum ber þeim að haga störfum sínum í einu og öllu í samræmi við þessa reglugerð við störf í íþróttahúsum.

Annars gilda eftirfarandi lög, reglugerðir og samþykktir um íþróttahús og sundlaugar í Hafnarfirði:

- Íþróttalög nr. 64/1998 með síðari breytingum
- Reglur um öryggi í íþróttahúsum, ásamt viðauka og skýringum, sem settar voru af Menntamálaráðuneytinu í okt. 2002 og samþykktar af Íþrótt- og tómstundanevnd Hafnarfjarðar 07.08.2003.
- Öryggis- og eftirlitshandbók fyrir íþróttahús, sem gerð var af Menntamálaráðuneytinu 2003.
- Reglur um baðvörslu í íþróttahúsum og sundlaugum, frá 22.08.2003, sem samþykktar voru í Íþrótt- og tómstundanevnd Hafnarfjarðar 25.08.2003 og staðfest af Fjölskylduráði Hafnarfjarðar 03.09.2003.
- Reglur um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar sem gerðar voru árið 1999 af Menntamálaráðuneytinu
- Reglur um þrif í íþróttamannvirkjum Hafnarfjarðarbæjar, sem samþykktar voru í Íþrótt- og tómstundanevnd Hafnarfjarðar 11.02.2013 og staðfest af Fjölskylduráði Hafnarfjarðar 20.02.2013.
- Umgengnireglur í íþróttahúsum Hafnarfjarðar sem eru misjafnar eftir hverjum stað.

Skólastjórnendur bera ábyrgð á að sundkennarar sækji upprifjunarnámskeið í skyndihjálpi og uppfylli opinber viðmið hverju sinni varðandi símenntun sundkennara.

#### 8.gr

Í samræmi við reglugerð ber kennara að fara yfir öryggisreglur með starfsmönnum íþróttahúss/sundstaðar og kynna nemendum umgengnisreglur.

Þar sem aðstæður eru mismunandi á sundstöðum er æskilegt að forstöðumaður og starfandi sundkennarar á hverjum stað komi sér saman um hvernig að þessum þætti skuli staðið og komi sér upp skriflegri áætlun um framkvæmd.

9.gr

Falli sund- íþróttakennsla niður af einhverjum orsökum, bilunar í búnaði sundlaugar/íþróttahúss eða vegna veðurs eða eftir ákvörðun skólastjórnenda s.s. starfsdagar, ferðalaga, veikindaforfalla eða öðrum þeim orsökum sem eru á valdi skóla reiknast tímar að fullu samkvæmt stundatöflu.

Tilkynningar um niðurfelda tíma skal tilkynnt gagnkvæmt af aðilum frá sundlaug/íþróttahúsi – skóli, með eins löngum fyrirvara og unnt er. Þegar skóla/sundlaug/íþróttahús hefur borist tilkynning um að skólasund/íþróttakennsla falli niður er ætlast til þess að nemendur verði ekki sendir á sundstað/íþróttahús.

10.gr

Kennari ábyrgist að nemendur fari í einu og öllu eftir reglum íþróttahúss um umgengni. Hafi nemendur í frammi hegðun sem ekki samrýmist þessum reglum eða óhlýðnast fyrir mælum starfsmanns skal viðkomandi starfsmaður gera kennara/forstöðumanni viðvart sem gerir viðeigandi ráðstafanir. Hafi kennari athugasemdir fram að færa vegna framkomu eða verklags starfsmanns íþróttahúss gagnvart nemendum skal hann koma þeim til forstöðumanns. Ef forstöðumaður íþróttamannvirkis bregst ekki við athugasemdum skal tilkynna til íþrótt- og tómstundafulltrúa. Hafi nemandi kvartanir fram að færa vegna framkomu starfsmanns íþróttahúss er það kennara að leiða það mál til lykta í samráði við forstöðumann.

Starfsfólki í sundlaugum, bæði kennurum og laugarvörðum er óheimilt að nota síma að fyrri bragði þegar þeir eru á laugarvörslu eða við sundkennslu á laugarsvæði.

11.gr

Vegna þess hve aðstæður eru mismunandi í hverju íþróttahúsi/sundstað er ekki mögulegt að setja reglur um starfshætti sem eiga við öll íþróttahús/sundstaði. Því er mælt til þess að kennarar og forstöðumenn komi sér saman um starfshætti á hverjum stað. Æskilegt er að þessar reglur séu skriflegar

Hafnarfirði 12. júní 2017 á ÍTH fundi

Undirritað